



Borgarnesi 2. febrúar 2023

Með vísan til úttektarskýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 23/1.2023 í framhaldi af heimsókn til starfsstöðvar Slökkviliðs Borgarbyggðar við Sólbakka 13-15 í Borgarnesi. Skýrsla V202301-JPP-1429683. Hér að neðan eru athugasemdir Borgarbyggðar við efni skýrslunnar.

Húsnæðið Sólbakki 13-15 er mikið skemmt vegna myglu sem upp komst 2021 í skrifstofu- og félagsaðstöðuhluta þess. Í kjölfarið hefur verið lítill umgangur um skrifstofu- og félagsaðstöðuhluta hússins. Skrifstofa slökkviliðsstjóra er í leiguhúsnæði í Borgarnesi en mun síðar á þessu ári flytjast í ráðhús sveitarfélagsins.

Tækjabúnaður slökkviliðsins er enn í húsnæðinu við Sólbakka en í þeim hluta sem ekki hefur greinst mygla.

Kostnaðarmat vegna endurbóta á Sólbakka 13-15 var framkvæmt sumarið 2022 og í fjárhagsáætlun Borgarbyggðar sem samþykkt var í desember 2022 er gert ráð fyrir að endurnýjun á húsnæðinu verði lokið árið 2025. Borgarbyggð er jafnframt að kanna þann möguleika að standa sameiginlega að byggingu húsnæðis með Lögreglunni á Vesturlandi og eru viðræður hafnar á milli Borgarbyggðar og Framkvæmdasýslunnar (FSRE).

Borgarbyggð vinnur einarðlega að í Borgarnesi verði innan fárra ára verði til staðar fyrirmyndar starfsstöð fyrir slökkvilið sveitarfélagsins, í samstarfi við Lögregluna eða ekki. Þangað til verður aðstaða slökkviliðsins til bráðabirgða og ekki til sóma. Vandséð verður hvernig hjá því verður komist.

Þá að skýrslu Vinnueftirlitsins og viðbrögðum Borgarbyggðar.

Fyrirmæli Vinnueftirlitsins eru eftirfarandi:

1. Skipuleggja skal vinnurými með hliðsjón af því starfi sem þar á að framkvæma. Tryggja skal nægilegt athafnarými þar sem bæði tæki og starfsmenn hafi greiða leið.
2. Tryggja skal að raki í byggingarefnum eða afleiðingar hans rýri ekki eðlileg heilbrigðis- og hollustuskilyrði innandyrna og valdi starfsfólki tjóni.
3. Tryggja skal að starfsfólk hafi aðgengi að fullnægjandi kaffi- og matstofu á vinnustaðnum. Tryggja skal að kaffistofa sé örugg og heilsusamleg fyrir starfsmenn.
4. Afmarka skal umferðaleiðir manna og tækja. Starfsmenn skulu varðir við með aksturlinum þar sem vænta má umferðar bifreiða.

Viðbrögð Borgarbyggðar:

- Reynt verði að gera umferðarleiðir starfsmanna sem greiðastar með því að koma búnaði fyrir annars staðar til geymslu. Hér er sérstaklega horft til búnaðar sem ekki er bráðnauðsynlegt að séu til staðar á viðbragðsstöð. Þá er svigrúm til staðar til að raða og stafla betur – taka til.
- Enginn daglegur umgangur verði um aðalinngang slökkvistöðvar heldur verði allur umgangur hvort heldur er í útköllum eða í annan tíma um gönguhurð og inn í bílasalinn.

- Skrifstofurými, hol, kennslustofa, forstofa, og kaffistofa á efrihæð slökkvistöðvar verði lokað með skýrari hætti en nú er – svo sem með byggingaplasti, svo tryggt sé betur en nú er að enginn óþarfa umgangur verði um þau rými.
- Öndunarloftspressu slökkviliðs verði komið fyrir í aflokuðu rými innar í húsnæðinu en nú er og gengið svo frá að vinnuaðstaða við hana verði eftir kröfum þar að lútandi. Það kallar á samkomulag við Safnahús Borgarfjarðar um reglur um aðgang að rými, en þess er vænst að það samkomlag komist í höfn.
- Markmið sveitarfélagsins er að allt húsnæðið Sólbakki 13-15 verði fært undir starfsemi Slökkviliðsins. Til þess þarf að færa muni Safnahússins í annað geymslurými. Unnið er að því markmiði í samstarfi við Safnahúsið.
- Það rými sem snyrtingar á slökkvistöð eru í verði vandlega aflokað þannig að ekki eigi sér staða samgangur við skrifstofurými og önnur rými sem menguð eru af myglu.

Það er von sveitarfélagsins með þessu megi tryggja viðunandi aðstæður fyrir slökkviliðsmenn í útköllum, í viðhaldsvinnu á búnaði og við móttöku slökkvitækjum til eftirlits og þjónustu. Ekki er um annan umgang að ræða í húsnæðinu.

Að lokum, Borgarbyggð hefur farið þess á leit við Eflu- verkfræðistofu að gera athuganir og mælingar á þeim rýmum hússins sem eru í notkun af einhverju tagi. Borgarbyggð mun hafa niðurstöður þeirra athugana til hliðsjónar varðandi ákvörðun framhaldið.

Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri